

Milli skinns og hörunds
eftir Ólaf Hauk Símonarson

1. hluti þrileiksins

1. mynd

Ásta og Halla. ÁSTA er að setja rúllur í hárið á Höllu.

HALLA: Er pabbi ekki búinn að vera ægilega lélegur? Ég hélt hann væri hreinlega að deyja í morgun þegar ég hringdi inneftir, það korraði svo í honum í símanum.

ÁSTA: Hann lætur alltaf korra í sér þegar hann talar við þig. Aldrei korrar í honum þegar hann talar við mig.

HALLA: Merkilegt hvað þetta tórir. Hann getur nú varla átt langt eftir. En það vantar ekki þrjúskuna í þetta. Og hvernig er Lóa til heilsunnar?

ÁSTA: Svona svipuð sýnist mér.

HALLA: Og pabbi hennar loksins dáinn.

ÁSTA: (*pirruð.*) Já, ekki ber á öðru.

HALLA: Æ, ég veit það ekki, mér finnst hálf óhugnanlegt hvað það eru margir að deyja sem maður þekkir. Það er hjartaslag, kransæðastífla, heilablóðfall og allskonar krabbamein beinkrabbí, legkrabbí, krabbí í brjóstum, nýrnakrabbí ...

ÁSTA: (*verulega pirruð.*) Æ, góða Halla, tölum um eitthvað annað!

HALLA: Og Böðvari gengur vel í náminu. Hann ætti að fá nóg að gera, eru ekki alltaf fleiri og fleiri að verða geðveikir. Er krakkinn búinn að ná sér af exeminu?

ÁSTA: Þetta var nú bara eitthvað ofnæmi.

HALLA: Nú, ég hélt að þetta hefði verið exem. Exem er svo mikið í okkar ætt. Hefurðu séð á mér lappirnar?

ÁSTA: Viltu örlítið meira út í það?

HALLA: Æ, ég veit það ekki, ég fæ svoddan þembu af öllu, ætli ég sé bara komin með magasár.

ÁSTA: (*hellir áfengi í bolla Höllu.*) Og hvað syngur í Guðmundi?

HALLA: Ég er búin að nauða í honum í marga mánuði að fara til sérfræðings. Ég varð að fylgja honum alla leið inn á stofu til læknisins í gær. Þeir eru að hugsa um að leggja hann inn. Til rannsóknar segja þeir, en maður veit nú hvað það þýðir. Hann vinnur allt of mikið maðurinn. Þetta er að drepa sig á vinnu.

ÁSTA: Getur hann ekki minnkað við sig?

HALLA: Elskan mín, ég segi það við hann daglega: Guðmundur minn, þetta endar með því að þú dettur niður dauður. En það er hægara sagt en gert þegar menn eru í sjálfstæðum rekstri. Nú er hann búinn að panta nýjan vörubíl, hann verður helsjúkur ef hann heyrir af nýjum vörubíl. Hann hefur alltaf heilsu í það að skoða nýja vörubíla. Ég skil það ekki. Og það er ekki von. En hvernig gengur hjá Sigurði? Mér sýndist hann vera svo þreytulegur þegar ég sá hann síðast.

ÁSTA: Þetta útgerðarbasl gengur nú svona og svona.

HALLA: Hann var eitthvað svo pirraður. Leit svo illa út. Hann er ekkert veikur, er það?

ÁSTA: Nei, það vona ég ekki.

HALLA: Hann bara leit svo illa út.

ÁSTA: Æ, þetta tekur á.

HALLA: Hann ætti að fara að koma sér í land maðurinn og fá sér einhverja þægilega vinnu.

ÁSTA: Það er spurning hvort hann mundi eira í landi.

HALLA: Og Kata gamla dáin. Hún átti nú skilið að fá hvíldina blessuð gamla konan. Var hún ekki jörðuð í heimagrafreitnum?

ÁSTA: Ég veit það ekki. Halla, ég er að hugsa um að fá mér vinnu.

HALLA: Vinnu?

ÁSTA: Já.

HALLA: Hvað segir Siggi við því? Og Haddi, þarf hann ekki á þér að halda? Borgar það sig - skattalega, meina ég? Ekki kærir Guðmundur sig um að ég vinni niðrá frystihúsi. Hann segir að það borgi sig ekki. Hann vill frekar að ég noti tímann til að gera eitthvað fyrir heimilið.

GÓGÓ: (*birtist.*) Hæ! Haddi kominn?

ÁSTA: Nei, hann er ekki kominn.

GÓGÓ: Má ég fara í það?

ÁSTA: Í það? Já, auðvitað máttu fara í það.

Gógó: Heyrðu, má ég sníkja af þér eina sígó? Ég borga þér þegar ég fæ útborgað.

ÁSTA: Já, ég veit þú gerir það Gógó mín.

(GÓGÓ FER.)

HALLA: Og Haddi bara byrjaður að vera með stelpu. Mikið hlakka ég til að sjá hann. Hverra manna er hún?

ÁSTA: Það þykir víst ekki skipta máli nú á tímum. Að vestan skilst mér.

HALLA: Er hún í skóla?

ÁSTA: Nei. En hún segist ætla að læra hjúkrun. Ekki mun af veita ef drengurinn ætlar að líkjast föður sínum.

HALLA: Gunna Hinriks, þú manst eftir henni? Hún er með legkrabba. Fór í geislameðferð, en það dugði ekkert. Þeir opnuðu hana, en lokuðu henni strax aftur. Það var ekkert annað að gera. Auðvitað eru þess dæmi að fólk hafi náð sér, en varla þegar búið er að opna það og loka því aftur. Aumingja maðurinn og börnin.

ÁSTA: Nú, eru þau líka með krabba?

(Þruskað í forstofunni. Sigurður gengur inn.)

HALLA: Sæll Siggi minn, hvað segirðu?

SIGURÐUR: Hvað ég segi? Viltu vita það?

HALLA: Já, segirðu ekki eitthvað skemmtilegt?

SIGURÐUR: Eitthvað skemmtilegt?

HALLA: Já, segirðu ekki eitthvað skemmtilegt?

SIGURÐUR: Heldurðu að þú sért að tala við Ómar Ragnarsson?

HALLA: Voruð þið að fiska?

SIGURÐUR: Er þetta einhver andskotans spurningakeppni?

HALLA: Elsku Siggi minn, ég er nú bara svona að spyrja fréttu.

SIGURÐUR: Viltu þá ekki hringja í fréttastofu Sjónvarpsins, þeir segja fréttirnar.

ÁSTA: Má bjóða þér kaffi?

SIGURÐUR: Hvar Dagblaðið?

ÁSTA: Það hefur ekki komið.

SIGURÐUR: Þjóðviljinn?

ÁSTA: Hann kom heldur ekki í morgun.

HALLA: Sestu nú hjá okkur og vertu svolítið kammó.

SIGURÐUR: Kammó?

HALLA: Það er nú ekki á hverjum degi sem þú sérð hana elsku mágkonu þína.

SIGURÐUR: Nei, til allrar hamingju ertu ekki byrjuð að elta mig út á sjó.

HALLA: Þið væruð nú til í það að hafa sætar stelpur með ykkur á sjóinn.

SIGURÐUR: Jæja? Hver hefur upplýst þig um það?

HALLA: Ætli maður þekki ekki sitt heimafólk.

SIGURÐUR: Hvar er strákurinn?

ÁSTA: Í vinnunni.

HALLA: Hvar er hann að vinna?

ÁSTA: Byggingarvinnu.

HALLA: Æ, greyið, byggingarvinnu í þessari bölvaðri kuldagjólu.

SIGURÐUR: Það er kappkynt í öllum skólastofum. Þar þarf enginn að vinna sér til hita. Ekki það ég hann um að hætta í skóla.

ÁSTA: Nei. Það ég hann kannski um það?

SIGURÐUR: Ætli þessi stelpuðra hafi ekki beðið hann um það.

HALLA: Meinarðu kærastan?

SIGURÐUR: Tala ég eitthvað ógreinilega?

HALLA: Er nokkur skaði skeður, er drengurinn ekki bara að reyna að átta sig á hlutunum. Þau verða nú að fá að komast að því hvað þau vilja, krakkagreyin.

SIGURÐUR: Það er alveg ljóst hvað þau vilja.

HALLA: Jæja, hvað vilja þau?

SIGURÐUR: Vera í baði.

HALLA: Í baði?

SIGURÐUR: Það er helsta áhugamálið: að andskotast í baðkarinu.

HALLA: Meinarðu að þau séu bæði í baðkarinu í einu? Hvað eru þau að gera í baðkarinu?

SIGURÐUR: Ég hef bara ekki hugmynd um það. Ekki fer ég með þeim í bað. Spurðu Ástu, hún veit kannski hvað þau eru að gera.

ÁSTA: Þau eru auðvitað að þvo sér.

HALLA: Bæði í einu ofan í baðkarinu?

ÁSTA: Það sparar heilmikið vatn.

SIGURÐUR: Já, þau spara mikið vatn. Eitt baðkar á dag, stundum tvö.

HALLA: Það er bara ekkert annað. Tvisvar á dag?

SIGURÐUR: Þú skalt samt ekki halda að þú getir byrjað að spara vatn með þessum ráðum, kerling.

HALLA: Nú af hverju ekki?

SIGURÐUR: Það er bara ekki á allra færi að spara vatn.

ÁSTA: Fáðu þér nú kaffibolla, Siggi minn.

SIGURÐUR: Ég vil ekki trufla samkvæmið. *(Hann fer inn í stofuna.)*

HALLA: Ógurlega lítur hann Siggi illa út. Hann er eitthvað svo þungur og þreytulegur.

ÁSTA: Mér sýnist hann nú vera mest sjálfum sér líkur.

HALLA: Hann er eitthvað svo voðalega pirraður, maðurinn.

(BÍLFLAUT.)

HALLA: Jesús minn, er klukkan orðin svona margt, það er Guðmundur, hann er kominn.

(Bílflaut.)

ÁSTA: Ætlar hann ekki að koma upp.

(Bílflaut.)

HALLA: Nei, hann þarf að skoða einhvern bíl. (*Bilflaut.*) Hvar er kápan?

ÁSTA: Héna er kápan. (*Bilflaut.*) Er hann með njálg maðurinn?

HALLA: Þessir karlar geta verið svo leiðinlegir. Jæja, við sjáumst í kvöld, Ásta mín. (*Þær kyssast.*) Þakka þér fyrir að bjarga hausnum á mér. (*Bilflaut.*) Já, já, ég er að koma, maður! Jæja, bless, elskan! Og bless, Siggi minn! (*Sigurður ansar því engu. Halla fer.*)

SIGURÐUR: (*Kemur inn í eldhúsið.*) Sagðistu eiga kaffi?

ÁSTA: Þér var boðið það áðan. Hitakannan stendur þarna á borðinu og glápir á þig. Þú gætir reynt að skrúfa af henni lokið.

SIGURÐUR: Ég þoli ekki þessa manneskju.

ÁSTA: Þú ert ekki beinlínis að fara leynt með það.

SIGURÐUR: Er einhver ástæða til að fara leynt með það?

ÁSTA: Það vill þannig til að þetta er hún systir mín.

SIGURÐUR: Ekki er hún minna óþolandi fyrir það.

ÁSTA: Nú verður þú að sitja á þér í kvöld, þú veist að þau ætla að koma í heimsókn.

SIGURÐUR: Ég var að spyrja hvort þú ættir kaffi?

ÁSTA: Ætlarðu að gera það fyrir mig að vera almennilegur við þau?

SIGURÐUR: Ekki bít ég af þeim hausinn.

ÁSTA: (*hlær.*) Er það loforð? (*Dok.*) Hvað er að?

SIGURÐUR: Það er ekkert að.

ÁSTA: Nei? Það var nú gott.

SIGURÐUR: Helvítis trollið allt í tætlum. Ekkert nema andskotans havarí. Hvergi neitt djöfulsins kvikindi að hafa.

ÁSTA: Ég skil. Þú lifir þetta af, Sigurður. Fáðu þér kaffi.

2. mynd

Ásta og Haddi. Hann er að koma úr vinnu, rífur af sér blautt bosið og hendir því á gólfð.

Ásta ténir upp spjarirnar.

ÁSTA: Var þér kalt, elskan?

HADDI: Kalt? Nei, nei. Við sátum inn í skúr í allan dag.

ÁSTA: Ekkert unnið?

HADDI: Við mokuðum ofan í skurðinn sem við grófum í gær. Hann var á vitlausum stað. Svo var beðið eftir teikningum í fjóra tíma.

ÁSTA: Það eru skrítin vinnubrögð.

HADDI: Nei, nei, þetta er alveg mátulega geðsjúkt.

ÁSTA: Borðaðirðu nestið sem ég smurði?

HADDI: Það minnir mig. Gógó komin?

ÁSTA: Já, hún er í baði.

HADDI: Í baði? Hvað er manneskjan alltaf að gera í baði?

ÁSTA: Ekki spyrja mig. Ætliði út í kvöld?

HADDI: Já, af hverju spyrðu?

ÁSTA: Hvernig væri að vera bara heima?

HADDI: Í faðmi fjölskyldunnar.

ÁSTA: Þið hafið ekki verið heima eitt einasta kvöld alla vikuna. Hvernig væri að prófa að vera heima?

HADDI: Að gera hvað?

ÁSTA: Horfa á sjónvarpið. Spila.

HADDI: Spila? Spila hvað?

ÁSTA: Á spil. Halla systir og Guðmundur ætla að líta inn. Höllu langar ósköpin öll að sjá þig. Þau eru komin alla leið austan af fjörðum.

HADDI: Til að sjá mig? Bara til að sjá mig?

ÁSTA: Guðmundur er til lækninga.

HADDI: Ég hélt að svoliðis tréhestar yrðu aldrei veikir. Dyttu bara niður dauðir einn góðan veðurdag öllum til óblandinnar ánægju.

ÁSTA: Af hverju talið þið alltaf svona?

HADDI: Þið - hvaða þið?

ÁSTA: Það er alveg óþarfi að stæla hann þabba þinn.

HADDI: Er eitthvað vesen á Böðvari?

ÁSTA: Ekki það ég veit.

HADDI: Af hverju mátti ég ekki sjá bréfið frá honum?

ÁSTA: Hvaða bréf?

HADDI: Bréfið sem ég mátti ekki sjá.

ÁSTA: Það er ekkert bréf sem þú máttir ekki sjá.

HADDI: Ég sá bréfið. Er hann að koma heim?

ÁSTA: Hvað veit ég.

HADDI: Af hverju eru þau Gugga að skilja?

ÁSTA: Þú last bréfið. Ég veit ekki meira en þú.

HADDI: Þú veist ekkert í þinn haus.

ÁSTA: Þá er gott að hausinn á ykkur er í góðu lagi.

HADDI: Hvað meinarðu?

ÁSTA: Ég reyni mitt besta, Haddi minn, ég hef bara ekki meiri hæfileika en ég hef.

HADDI: (*gramsar í ísskápnunum.*) Er til hnetusmjör?

ÁSTA: Ég er hætt að kaupa hnetusmjör. Það er fitandi.

HADDI: And so what?

ÁSTA: Ég skil ekki útlensku.

HADDI: Þið skiljið ekkert!

ÁSTA: Ég sagði Höllu að þú værir kominn með skegghýjung að ofan og neðan. Ég lofaði að hafa þig til sýnis. Gerðu nú einu sinni eins og ég bið þig. Vertu heima í kvöld.

HADDI: Þú verður að kaupa mig til að vera heima.

ÁSTA: Kaupa þig! Á ég að kaupa þig? (*Hlær.*) Ég á þig strákur. Þú ert hold af mínu holdi, blóð af mínu blóði.

HADDI: Djöfuls ógeð er þetta röfl alltaf um hold og blóð. Það mætti halda að þið væruð mannætur!

ÁSTA: Ég á þig með húð og hári!

HADDI: Þú átt ekkert í mér! Það á mig enginn! Láttu mig vera!

ÁSTA: Ég er ekki öreigi á meðan ég á þig. Ég er moldrík. (*Ásta reynir að faðma Hadda að sér.*) Komdu hérna, strákur!

HADDI: Slepptu mér!

ÁSTA: Ég á þig!

HADDI: Þú átt ekki neitt! Þú ert öreigakúkur!

(*Haddi hleypur ber með handklæði inn á bað.*)

3. mynd

Ásta og Sigurður.

SIGURÐUR: (*Við ísskápinn.*) Er ekkert til?

ÁSTA: Þú hefur augu. Þú hlýtur að sjá það sjálfur.

SIGURÐUR: Er ekki til rúllupylsa?

ÁSTA: Þú hlýtur að vita hvað þú keyptir inn.

SIGURÐUR: Hvað ég keypti inn?

ÁSTA: Já, keyptir þú ekki inn?

SIGURÐUR: Þú ert gáfuleg núna.

ÁSTA: Ég trúir því ekki að sísvangur maðurinn hafi gleymt að kaupa inn. Það er aldeilis

saga til næsta bæjar. Og eins og honum þykir nú gaman að fara í verslanir.

(Sigurður svarar engu, en dregur pylsupakka út úr ísskápnum.)

SIGURÐUR: Hvað er þetta?

ÁSTA: Þetta eru pylsur.

SIGURÐUR: Já, ég þóttist sjá það. Þú mundir kannski henda þessu í pott fyrir mig?

ÁSTA: Nei, það geri ég ekki. Ég á nefnilega ekki þennan pylsupakka.

SIGURÐUR: Þú ert kannski farin að geyma pylsur fyrir annað fólk? Hver á þennan pylsupakka, Vigdís Finnbogadóttir, kannski?

ÁSTA: Sonur þinn á þessar pylsur. Hann keypti þær meira segja sjálfur.

SIGURÐUR: Af hverju étur hann ekkert nema pylsur?

ÁSTA: Viltu ekki bara spyrja hann sjálfan að því.

(Haddi kemur dyrnar með handklæðið um sig miðja. Hann sér að Sigurður heldur á pylsupakkanum, en læst ekki sjá það; tekur kókflösku út úr ísskápnum.)

SIGURÐUR: Af hverju étur þú ekkert nema pylsur?

(Haddi svarar engu.)

SIGURÐUR: Ég var að spyrja, af hverju étur þú ekkert nema pylsur?

HADDI: Hvar eru pylsurnar mínar, mamma?

ÁSTA: Hann pabbi þinn heldur á þeim.

HADDI: Hvað er hann að gera með pylsurnar mínar?

ÁSTA: Spyrðu hann.

HADDI: Af hverju er ekki hægt að láta pylsurnar manns friði?

SIGURÐUR: Af hverju getur þú ekkert étið nema pylsur?

HADDI: Skilaði pylsunum, annars hringi ég í lögregluna.

SIGURÐUR: Svaraðu, af hverju geturðu ekkert étið nema pylsur?

HADDI: Af hverju getur þú ekkert drukkið nema þennan spírafjanda?

ÁSTA: Þau eru mætt andskotinn og amma hans.

SIGURDUR: Já, svaraðu því, af hverju geturðu ekkert étið nema pylsur?

HADDI: Skilaðu pylsunum. Annars hringi ég í lögregluna!

SIGURDUR: Það er matur á borðum hér á hverjum degi. Það er kjöt og fiskur og kartöflur og rófur og þú getur étið þann mat sem er á borðum!

HADDI: Þú ætlar ekki að skila þessum pylsum? Ókei, troddu þeim upp í rassgatið á þér með sinnepi og hráum lauk!

SIGURDUR: Vantar þig einn á kjammann?

HADDI: *(rekur af sér blautt handklæðið.)* Komdu ef þú þorir! *(Haddi gerir barefli úr handklæðinu.)* Pylsubjófur!

ÁSTA: Fariði frá augunum á mér báðir tveir!

4. mynd

Ásta og Gógó í eldhúsinu. Gógó hefur sveipað um sig handklæði.

ÁSTA: Þú ættir að reyna að hafa áhrif á hann.

GÓGÓ: *(greiðir vott hárið.)* Hann er bara svo ferlega frekur. Heldurðu að það þýði eitthvað fyrir mig að tala við hann?

ÁSTA: Veistu hvað hann ætlar?

GÓGÓ: Hvað meinarðu?

ÁSTA: Ætlar hann í skóla í haust?

GÓGÓ: Heldurðu að ég viti það? Ég veit ekki neitt. Hann er ferlega dulur. Segir mér aldrei neitt.

ÁSTA: Peningarnir gufa upp í höndunum á honum. Hann verður nákvæmlega jafn blankur þegar hann byrjar aftur í skólanum. Gætirðu ekki reynt að hafa áhrif á hann?

GÓGÓ: Ég hef engin áhrif á hann - þannig.

ÁSTA: Þetta er ekkert heimilislíf þegar aldrei er neinn heima. Hvernig er þetta heima hjá þér?

GÓGÓ: Ég veit það ekki - bara ...

ÁSTA: Eru systkini þín heldur aldrei heima?

GÓGÓ: Nei. Sjaldan.

ÁSTA: Það var ekkert sjónvarp þegar ég var að alast upp. Samt var fólk heima hjá sér á kvöldin.

GÓGÓ: Að gera hvað?

ÁSTA: Ýmislegt, lesa, tala saman, spila ...

GÓGÓ: Spila hvað?

ÁSTA: Vist og Bridge og Svarta Pétur.

GÓGÓ: Ég kann það ekki.

ÁSTA: Það var farið í allskonar leiki.

GÓGÓ: Þetta er öðruvísi núna.

ÁSTA: Að fara í bíó fimm kvöld vikunnar ... það er ofvaxið mínum skilningi.

GÓGÓ: Það eru engir staðir. Hvað á maður að gera? Áttu nokkuð glært lakk? Þær springa svo ferlega á mér neglurnar.

ÁSTA: Nei, ég á ekkert helvítis glært lakk! Heldurðu að ég sé drottningin af Saba eða hvað?

GÓGÓ: Fyrirgefðu. Fyrirgefðu! (*Hún rís á fætur; fer*)

5. mynd

Sigurður stendur við dyrnar að herbergi Hadda. Hljómgræjurnar eru þandar til hins ýtrasta.

SIGURÐUR: Viltu lækka í þessu drengur! Heyrirðu það, lækka!

HADDI: Fílarðu þetta ekki?

SIGURÐUR: Viltu skrúfa niður í þessu eða ég læt lögregluna flytja allt helvítis draslið út úr mínum húsum!

HADDI: (*útmálar.*) Fyrirsögn í Dagblaðinu. "Hann hafði margsinnis hótað mér ofbeldi. Sonur ofbeldismannsins rekur raunir sínar". Falleg mynd af mér. Önnur ljót af þér.

SIGURÐUR: Þið hljótið að vera heyrnarlaus?

HADDI: Má heyrnarlaust fólk ekki njóta tónlistar eins og aðrir?

SIGURÐUR: Ég held þið ættuð að skafa úr eyrunum.

HADDI: Þú talar við mig í fleirtölu, ertu strax farinn að sjá tvöfalt?

SIGURÐUR: Já, eru ekki öll Heyrnleysingjasamtökin mætt?

HADDI: Jú, heyrðu, það vantar ennþá formann, ertu að bjóða þig fram? En þú færð ekki mitt atkvæði.

SIGURÐUR: Ef þetta væri nú eitthvað sem líktist mennskum söng.

HADDI: Stefán Íslandi til dæmis. Áfram veginn í vagninum ek ég!

SIGURÐUR: Af hverju geltir manneskjan, er hún með hundæði.

HADDI: Æ, pabbi, slakaðu á. Við erum ekki í sömu pælingum og þú. Farðu á Þjóðminjasafnið og hlustaðu á MA-kvartettinn.

SIGURÐUR: Það þarf að koma konunni til dýralæknis.

HADDI: Við í Heyrnleysingjasamtökunum viljum helst fá að vera í friði.

SIGURÐUR: Ef þú lækkar ekki í þessum andskota læt ég lögregluna hirða tækin.

HADDI: (*útmálar.*) „Hann elskaði ekki börnin sín. Dagblaðið flettir ofan af grimmyndum föður". Já, já, ég skal lækka!

Sigurður sest fyrir framan sjónvarpið; horfir á kassann; byrjar að hrjóta.

6. mynd

Jóna og Ásta

ÁSTA: Jóna, skömmin þín, þú gerir mér bilt við!

JÓNA: Æ, elskan, þú verður að fyrirgefa, það stóð opið. Ég uppgötvaði bara allt í einu að ég átti ekki eina einustu kartöflu. Er Siggi heima?

ÁSTA: Hann situr inni í stofu.

JÓNA: Situr maðurinn í myrkrinu?

ÁSTA: Ætli hann sé ekki að spara rafmagnið. (*Ásta setur kartöflur í poka.*) Hvað viltu margar kartöflur?

JÓNA: Það þarf ekki margar ofan í mig, eina kerlingu. Hvernig líkar Hadda í vinnunni?

ÁSTA: Ætli það sé ekki svipuð ánægja og það hefur alltaf verið að grafa skurð í gaddfreðna jörðina.

JÓNA: Nokkuð að fréttu af Böðvari?

ÁSTA: Af hverju spyrðu?

JÓNA: Nei, ég sá að pósturinn kom með bréf frá Danmörku í gær ... Er ekki allt gott að fréttu?

ÁSTA: Ekki veit ég betur.

JÓNA: Nei, það var einhver að segja mér — hver var það nú? — jú, það er haft eftir honum Magnúsi, syni hennar Ibbýjar og hans Bjarna - hann er líka að læra þarna úti — að Böðvar væri farinn að vinna í Tuborgverksmiðjunni.

ÁSTA: Það veitir ekki af að drýgja námslánið.

JÓNA: Það var líka haft eftir honum að þau Gugga byggju ekki lengur saman.

ÁSTA: Þá vitið þið Magnús meira en ég veit.

JÓNA: Þau væru skilin.

ÁSTA: Þú segir tíðindin, kelli mín.

JÓNA: Jæja, elskan, ég held ég sé að verða vitlaus, það er víst farið að sjóða upp úr öllu hjá mér niðri.

ÁSTA: Kartöflupottinum líka?

JÓNA: (*hlær dátt.*) Æ, þú veist hvernig ég er, Ásta mín.

ÁSTA: Já, ég veit það, þú lætur þér ekkert mannlegt óviðkomandi.

7. mynd

Haddi og Gógó. Herbergi Hadda.

HADDI: Heldurðu að ég sé ótæmandi brunnur. Af hverju ert þú alltaf blönk? Þú ert í vinnu manneskja og átt samt aldrei pening. Ertu að byggja í Arnarnesinu?

GÓGÓ: Veistu hvað ég fæ í kaup? Hvað heldurðu að sé borgað fyrir að afgreiða í sjoppu?

HADDI: Það er ekkert borgað fyrir það ef maður tekur út allt kaupið sitt í sígarettum, gosi og nammi.

GÓGÓ: Góði skiptu þér ekki af því! Þér kemur það bara ekkert við!

HADDI: Ókei, ókei. Ég á nóga peninga!

GÓGÓ: Varstu bara að ljúga því að þú ættir engan pening?

HADDI: Ég er með alla vasa fulla af þessu rusli.

GÓGÓ: Eigum við þá að gera eitthvað?

HADDI: Ef þú elskar mig. Elskarðu mig?

GÓGÓ: Ekkert æðislega mikið. Bara alveg nóg.

HADDI: Þú ert gjörsamlega tryllt í mig. Heldurðu að ég sjái ekki hvernig augun hringsnúast í hausnum á þér þegar þú horfir á mig! Segðu að þú elskir mig! (*Gógó ruglar á honum hárinu.*) Láttu hárið á mér í friði! Snertu ekki þíkuna mína! Ég er að venja hana!

GÓGÓ: Hvert eigum við að fara?

HADDI: Við verðum heima í kvöld.

GÓGÓ: Heima? Hér?

HADDI: Já, mamma kennir þér kannski að baka djöflatertu.

GÓGÓ: Ég nenni sko ekki að hanga hér í allt kvöld.

HADDI: Mamma segir að þú stelir öllu steini léttara: sjampói, hárnæringu, boddílósjón - barasta öllu.

GÓGÓ: Helvítis kellingin!

HADDI: Hún segir að þú gangir um baðherberið eins og ruddalegustu togarahundar.

GÓGÓ: Andskotans kellingarbikkjan!

HADDI: Óþarfi að rífa blaðið í tætlur! Hún segir þetta bara til að segja eitthvað. Hvað ætti hún annars að segja?

GÓGÓ: Ég ætla aldrei að tala við þennan kerlingardjöful! Ég hata hana!

HADDI: Ekki þegar hún lánar þér pening.

GÓGÓ: Ég læt ekki bjóða mér þetta! Ég hata ykkur öll! Ég er farin! (*Haddi grípur í Gógó; skellir henni á bakið; heldur henni fastri.*) Láttu mig vera, heyriru það! Slepptu mér helvítið þitt! Láttu mig í friði!

HADDI: Ég skal gefa þér kjól.

GÓGÓ: Ég tala ekki við þig! (*Þögn.*) Mig vantar hvítar buxur, engan kjól.

HADDI: Vantar þig ekki líka nýja skó?

GÓGÓ: Þú átt engan andskotans pening. Hvenær þá?

HADDI: Þegar ég fæ útborgað. Eftir helgi.

GÓGÓ: Lofarðu því?

HADDI: Ef þú segir: Ég elska þig, dái og tilbið.

GÓGÓ: Þú ert asni!

HADDI: Ekki rugla hárinu, hvað á ég að segja þér það oft, þá lem ég þig! Segðu: Ég elska þig...

GÓGÓ: (*hefur upp eftir honum.*) Ég elska þig ...

HADDI: ... dái...

GÓGÓ: ... dái

HADDI: ... og tilbið.

GÓGÓ: ... og tilbið. Asni!

HADDI: Og við ætlum að vera heima í kvöld og hlusta á ruglið.

GÓGÓ: Og við ætlum að vera heima í kvöld og hlusta á ruglið.

HADDI: Og fara svo upp í rúm að ríða.

GÓGÓ: Og fara svo upp í rúm og ... fifl!

HADDI: Einmitt, fara svo upp í rúm að ríða eins og fifl!

8. mynd

Sigurður, Ásta, Haddi. Hávaði úr græjunum.

SIGURÐUR: Það er eins og maður búi í skotgröf. Þetta er eins og stöðug vélbyssuskothríð.

ÁSTA: Mega krakkagreyin ekki spila sínar plötur?

SIGURÐUR: Ég hef aldrei vitað til þess að það þyrfti mannhæðarháa hátalara í heimahúsum. Það er varla hægt að komast inn í herbergið fyrir þessu helvítis drasli.

ÁSTA: Hvaða erindi átt þú líka inn í herbergið?

SIGURÐUR: Og komist maður inn sér ekki handa skil fyrir reykjarsvælu, það er öskufall eins og í Móðuharðindunum.

ÁSTA: Er eitthvað betra að fara í felur með þetta eins og við gerðum?

SIGURÐUR: Það er ekki amalegt að reka sjoppu hér í hverfinu. Þau eru kannski stórir hluthafar í sælgætisgerð án þess að maður hafi hugmynd um.

ÁSTA: (*hlær.*) Þú ert dálítið fyndinn, Sigurður. Hvernig nennirðu að vera að skipta þér af þessu. Þau verða ekki hér til eilífðar. En ef þú vilt hafa eilífan eld ...

SIGURÐUR: Hvar er Mogginn sem ég kom með?

ÁSTA: Varstu ekki með hann inn á klósetti?

SIGURÐUR: Heldurðu að maður komist á klósettið fyrir þessu hefðarfólki. Það er alltaf legið í baði. Er ekkert bað heima hjá stúlkunni?

ÁSTA: Hún var að koma beint úr vinnu greyið. Ætli henni sé ofgott að nota baðið.

SIGURÐUR: Hvað er fólk að gera í þrjá tíma ofan í einu og sama baðvatninu. Ég skil það ekki, nema fólk sé örent.

ÁSTA: Viltu sósu með bollunum?

SIGURÐUR: Er ekki venjulega sósa með bollum?

ÁSTA: Það er með ýmsu móti.

SIGURÐUR: Nú, hafðu það þá með ýmsu móti. Í guðanna bænum! (*Dok.*) Hefurðu farið niður í póstkassa?

ÁSTA: Í morgun, já.

SIGURÐUR: Ég var ekki að spyrja hvort þú hefðir farið morgun, ég var að spyrja hvort þú hefðir farið í póstkassann í dag.

ÁSTA: Já, ég fór í póstkassann í dag. Dagblaðið var ekki komið. Ertu alveg friðlaus?

SIGURÐUR: Hvort ég er friðlaus eða ekki kemur fólki ekkert við.

ÁSTA: Jú, ef það bitnar á öllum í kringum þig. Kartöflur eða hrísgrjón?

SIGURÐUR: Hrísgrijón, er það matur?

ÁSTA: Ég á heldur engin hrísgrjón.

SIGURÐUR: Hverskonar hringavitleysa er þetta, þú býður manni hrísgrjón, svo segist engin hrísgrjón eiga.

ÁSTA: Magga frænka þín er að hugsa um að fara til Ítalíu í ár.

SIGURÐUR: Er ekki drengandskotinn með blaðið?

ÁSTA: Hún er búin að halda til á ferðaskrifstofunum í tvo mánuði. Talar ekki um annað en ítalskan mat.

SIGURÐUR: Ég vona að spaghettíið fari í hnút í görnunum í henni. (*Síminn hringir.*) Nú hringir það í greifann! (*Sigurður svarar í símann.*) Já, hann er heima. Nei, ég veit satt að segja ekki hvort hann getur komið símann.

ÁSTA: Vertu nú kurteis við krakkagreyin.

SIGURÐUR: (*Í símann.*) Ég skal gera tilraun til að draga hann út úr hátölurum. (*Leggur frá sér tólið; fer að dyrunum hjá Hadda, þar sem tónlistin er í hámarki.*) Síminn. Síminn!

HADDI: Óþarfi að æpa, ég er ekki heyrnarlaus.

SIGURÐUR: Þá gat Skúli gengið, í skruðgöngunni. Þá heyrði hann, þegar kallað var á hann í símann. Ég fer að læsa símanum karl minn!

HADDI: Fyrirgefðu, ég heyrði ekki hvað þú sagðir. Var það eitthvað skemmtilegt?

SIGURÐUR: Ég sagði, ég læt læsa símanum!

HADDI: Ertu þá að hugsa um hengilás?

SIGURÐUR: Það er þriggja tíma símaráðstefna í hvert sinn sem farið er í bíó, og það er ekki sjaldan. Veistu hvað skrefið kostar karl minn? Veistu það?

HADDI: (*í símann.*) Fyrirgefðu, ég þarf að afgreiða fyrirspurn utan dagskrár. (*Við Sigurð.*) Varstu að spyrja hvað skrefið kostaði?

SIGURÐUR: Já.

HADDI: Innanbæjar eða utan?

SIGURÐUR: Viltu ekki fá skiptiborð og ráða þér símastúlku?

HADDI: Ekki á meðan ég hef þig. Þakka samt tilboðið. (*Í símann.*) Nei, pabbi er eitthvað að þæla í hvað skrefið kostar. Hann er í miklu stuði. Já, hann er með skrefamæli á mér. Nei, nei, ekki í bíó í kvöld, við Gógó ætlum að eyða kvöldinu á þjóðveginum. Já, pabbi var einmitt að bjóðast til að lána mér bílinn. Alveg sjálfsagt, Haddi minn, sagði hann, þó það nú væri, trylltu til Keflavíkur þér til yndis. Jú, jú, eitt gleðibros frá hvirfli til ilja. Já, þú biður að heilsa honum, ég skila því. (*Leggur á.*) Mummi biður að heilsa, spyr hvort þú viljir ekki vera pabbi sinn líka og lána sér bílinn á morgun. Eitthvað fleira sem þú vildir ræða við mig?

SIGURÐUR: Hvað hefurðu gert af Dagblaðinu?

HADDI: Dagblaðinu?

SIGURÐUR: Ég sagði það, já, Dagblaðinu.

HADDI: Ég skeindi mig á því. (*Sigurður stjakar við Hadda.*) Hvað gengur eiginlega á? Ertu með ofskynjanir? Hvað hefurðu verið að reykja? Gjörðu svo vel, hér er blaðið.

SIGURÐUR: Það er allt rennblautt og rífið og tætt.

HADDI: Það lenti bara aðeins í baðinu.

SIGURÐUR: Eruði að lesa þetta neðansjávar eða hvað?

HADDI: Legðu blaðið á ofninn, þá þornar það. Annars eru fréttirnar að byrja í sjónvarpinu! Flýttu þér í stólinn maður svo þú missir ekki af neinu! Reyndu að ná þessu öllu á ták máli og dul máli og mynd máli og fréttayfirliti og undirliti og láttu ekki koma þér á óvart lítill fréttamaður skriði út úr tækinu og réttir þér persónulega fréttaskeyti af því þú hefur verið kjörinn fréttafikill ársins.

ÁSTA: Maturinn er kominn á borðið.

HADDI: Ég er ekki svangur.

SIGURÐUR: Þú getur bara étið eðlilegan mat eins og annað fólk.

HADDI: Er bannað að vera ekki svangur?

SIGURÐUR: Það á að éta mat á matmálstímum. Ekki þetta helvítis flögudrasl öll kvöld og allar nætur. Það á að éta mat á matmálstímum!

HADDI: Matartími er þegar maður matast.

SIGURÐUR: Matartími er þegar matur er á borðum.

HADDI: Ókei, þú ert höfðinginn, þú vinnur. Þunga mokkasína segir að matartími sé þegar matur er á borðum, en ekki þegar maður matast.

ÁSTA: Viltu alls ekki neitt, Haddi minn?

HADDI: Ég er ekki svangur.

ÁSTA: Þjóddu stelpunni að borða.

HADDI: Hún er heldur ekki svöng.

ÁSTA: Hvernig veistu það?

HADDI: Hún er ekki svöng!

ÁSTA: Ég er með ágætar bollur í sósu. Segðu henni að koma og fá sér eitthvað.

SIGURÐUR: Nei, nei, étiði bara eyrnasneplana hvort af öðru.

HADDI: Ég vil fá að vera í friði.

SIGURÐUR: Já, farðu inní herbergið og settu hátalarana á fullt svo hárin rísi á hausnum á ykkur. Étiði fimm kíló af lakkrís svo garnirnar í ykkur límist saman.

HADDI: Ef hláturinn lengir lífið rosalega hljótum við þá að verða gömul.

ÁSTA: Ég bjó til karrýsосу með bollunum.

SIGURÐUR: Karrýsосу?

ÁSTA: Af hverju horfirðu svona á mig? Heldurðu að ég ætli að byrja þér eiturf? Karrýsосу er tilbreyting.

SIGURÐUR: Heldurðu að ég sé einhver andskotans Indverji?

ÁSTA: Nei, þú ert örugglega ekki Indverji. Þú ert síðasta eintakið af einhverjum allt

öðrum þjóðflokki. Og gott ef hann er ekki einmitt í útrýmingarhættu.

9. mynd

Guðmundur, Haddi, Halla, Ásta, Sigurður og Gógó horfa á sjónvarp í stofunni.

HALLA: Ægilega sést vel hjá ykkur. Það er munur eða hjá okkur fyrir austan.

ÁSTA: Jæja, sést illa hjá ykkur?

HALLA: Litirnir eru alls ekki þeir sömu. Þeir eru miklu daufari fyrir austan.

ÁSTA: Er það ekki bara stillingin á tækinu?

HALLA: Guðmundur segir að það séu fjöllin.

GUÐMUNDUR: Það eru bara fjöllin.

ÁSTA: Ég mundi nú reyna að stilla tækið.

HALLA: Guðmundur vill ekki að það sé verið að fikta í stillingunum.

GUÐMUNDUR: Það þýðir ekkert að vera að fikta í stillingunum Þetta eru bara fjöllin.

HALLA: Þetta er svo sem allt í lagi, við sjáum alveg, litirnir eru bara dálðið daufari.

SIGURÐUR: Þið hafið ekkert að gera við sjónvarp þarna fyrir austan.

GUÐMUNDUR: Af hverju segirðu það.

SIGURÐUR: Þið eruð alveg nógu vitlaus þó þið séuð ekki að horfa á sjónvarpið. Þið eigið bara að horfa á fjöllin.

HALLA: Eins og maður horfi ekki nóg á þau. Maður getur nú stundum óskað sé að sjá eitthvað annað.

ÁSTA: Lilla gamla hefur ekki treyst sér með ykkur?

HALLA: Hún treystir sér ekki til að sitja í bíl í átta tíma.

ÁSTA: En flugið?

HALLA: Þorir ekki að fljúga. Hefur aldrei flogið veslingurinn.

ÁSTA: Eins gott að hún fari að æfa sig ef hún ætlar að verða engill.

SIGURÐUR: Hvernig var vegurinn?

GUÐMUNDUR: Bara eins og venjulega.

SIGURÐUR: Ertu á radíaldekkjum?

GUÐMUNDUR: Já, já, ég er á radíal.

SIGURÐUR: Ég lít ekki við radíaldekkjum. Harðari en andskotinn. Ekki farandi á þessu út af malbiki. Ertu ekki helaumur í rassgatinu?

HALLA: Guðmundur keyrir svo rólega.

GUÐMUNDUR: (*Bendir á sjónvarpið.*) Er hann giftur þessari dökku?

GÓGÓ: Nei, hann er giftur hinni, þessari ljóshærðu.

GUÐMUNDUR: Af hverju er hann þá að kyssa þessa dökku?

HALLA: Hann er bara að taka framhjá maðurinn. Gera þeir það ekki?

HADDI: Er maðurinn blindur? Hún er svo djöfulli ljót!

GÓGÓ: Mér finnst hún dáldið spes.

HADDI: Að kyssa þetta maður, það er eins og að sleikja gólfíð í málningarverksmiðju.

HALLA: Já, mér finnst hún nú hálf glennuleg.

SIGURÐUR: Nú, einhver verður að glenna sig, annars gerist nú andskoti lítið.

HALLA: Hin er nú einhvern veginn miklu sannari manneskja.

GÓGÓ: Ekki væri ég spennt fyrir þessum gæja.

HADDI: Jæja? Hann á töff bíll, það er málið hjá þessum þikum.

GUÐMUNDUR: Við höfum nú lítið við svona bíla að gera hér uppi á Íslandi.

HADDI: Löggan næði þér aldrei á svona tæki, Guðmundur. Það eru vængir í sílsunum og geislabyssa stuðaranum.

GUÐMUNDUR: Hvað ætti ég að gera við geislabyssu?

HADDI: Geislabyssu? – veistu það ekki - steikja þá maður, steikja þá sem eru á eftir þér!

ÁSTA: Ég ætla að fara og hita kaffi.

HALLA: Elskan mín, vertu ekkert að hafa neitt fyrir okkur.

ÁSTA: Það er ekkert verið að hafa fyrir ykkur. (*Rís á fætur, fer fram í eldhúsið.*)

SIGURÐUR: Hvernig hefur fiskiríðið verið fyrir austan?

GUÐMUNDUR: Togarinn hefur verið að kroppa. Það er nú alltaf að fækka trillunum.

HALLA: Þar fékk hún það sem hún átti skilið. Gott hjá minni!

HADDI: Djöfuls della er þetta!

HALLA: Svona er nú lífið, krakkar mínir. Karlmennt geta ekki haft margar konur í einu, það endar alltaf með ósköpum.

HADDI: Nú byrjar hann að sleikja úr henni. Þetta er tóm vitleysa. Hann átti að gefa henni strax einn á kjammann.

HALLA: Ég veit nú ekki hvort það hefði virkað.

HADDI: Kvenfólk vill láta lemja sig.

GÓGÓ: Jæja, góði!

HADDI: Þær sem ég þekki.

HALLA: Sumar kannski, ekki allar.

HADDI: Allar sem ein. Það er bara staðreynd.

GÓGÓ: Fræðsluþáttur. Æ, - ég nenni ekki að horfa á þetta, Haddi.

HADDI: Ástarlíf köngulóanna, hefurðu ekki áhuga á því?

SIGURÐUR: Hvar í andskotanum grafa þeir upp alla þessa fræðsluþætti um skordýr. Það mætti halda að það væru köngulær sem stjórnuðu þessu sjónvarpi.

HALLA: Nú eru þeir að tala um að stytta dagskrána.

SIGURÐUR: Þeir eiga að hætta þessari helvítis vitleysu og leyfa fólki að horfa á það sem það vill horfa á. Útvarpa fréttum á íslensku og stilla svo yfir á Kanann.

HALLA: Þú meinar þetta nú ekki, Sigurður minn. Þú vilt hafa íslenskt sjónvarp.

SIGURÐUR: Heldurðu kannski að þetta séu íslenskar köngulær? Sjónvarp er fyrir hálfvita, svo það er eins gott að hafa allt á hreinu, engar helvítis eftirlíkingar, bara alvöru amerískan hálfvitagang. (*Rís á fætur. Tekur fram áfengisflösku.*) Þurfum við ekki

smáhressingu, Guðmundur?

GUÐMUNDUR: Hvað ertu með?

SIGURÐUR: Bara íslenskan heimilisiðnað. Þú ert vonandi ekki orðinn of finn utan um hann?

GUÐMUNDUR: Það væri þá eitthvað alveg nýtt.

SIGURÐUR: (*hellir í glös.*) Það má svæla þessu í sig.

HALLA: (*rís á fætur þegar henni er ekki boðið í glas.*) Ég ætla að hjálpa henni Ástu. Guðmundur minn, þú ætlar að keyra á eftir, er það ekki?

SIGURÐUR: Svona, láttu manninn í friði. Farðu fram og reyndu að gera eitthvað gagn.

GUÐMUNDUR: (*smakkar. Hryllir sig*) Hvað eru þetta mörg prósent?

SIGURÐUR: 70-80%. Skál!

GUÐMUNDUR: Skál.

SIGURÐUR: (*Eftir stutta þögn.*) Þú ætlar að slá þér á Möztuna?

GUÐMUNDUR: Þær hafa komið vel út. Mjög góðar í endursölu.

SIGURÐUR: Maður kaupir ekki bíl til endursölu.

GUÐMUNDUR: Endursalan þykir nú segja sína sögu.

SIGURÐUR: Það er alltaf einhver della í gangi. Það er ekki langt síðan rússnesku bílarnir urðu að ryðhrúgum hér á götunum á fjórum mánuðum.

GUÐMUNDUR: Það er nú allt önnur Ella, Sigurður minn.

SIGURÐUR: Þú segir það. Er ekki verið að plata sveitamanninn eina ferðina enn?

GUÐMUNDUR: Það held ég ekki, þetta eru vel smíðaðir bílar.

SIGURÐUR: Það er samt helmingi þynnra í þeim en amerísku bílunum.

GUÐMUNDUR: Hver segir þér það?

SIGURÐUR: Þetta er bara viðurkennd staðreynd.

GUÐMUNDUR: Ég ansa þessu ekki. Þetta eru ljómandi góðir bílar.

SIGURDUR: Þetta sögðu þeir líka sem keyptu rússnesku ryðhrúgurnar, þær glönsuðu svo sem nógu mikið þegar þær komu upp úr Sambandsskipunum. Svo mátti taka þetta í nefið eftir fjóra, fimm mánuði. Nei, margt slæmt má segja um Kanann, en það mega þeir eiga: helvítis beinin kunna að smíða bíla.

GUÐMUNDUR: Bensínháka, já. Það munar nú aldeilis á bensíneyðslunni hvort maður ekur á japönskum eða amerískum bíl.

SIGURDUR: (*fillir á glösin.*) Ef þú vilt frekar eyða peningum í viðgerðir en bensín, þá þú um það. Því miður held ég að það sé ekkert vit í þessum japönsku bílum.

GUÐMUNDUR: Af hverju eru þá allir að kaupa þá?

SIGURDUR: Auglýsingarnar - þær ræna fólk vitinu.

GUÐMUNDUR: Auglýsa þeir eitthvað meira en aðrir, ekki hef ég rekið mig á það.

SIGURDUR: Þetta er tískubóla, Guðmundur minn. Bara tískubóla. Markaðu orð mín.

GUÐMUNDUR: (*verulega pirraður.*) Maztan er metsölubíll út um allan heim.

SIGURDUR: Það er enginn vandi að heilapvo fólk. Þetta er alveg sama dellan og þegar rússnesku ryðhrúgurnar streymdu hér inn í landið.

GUÐMUNDUR: (*reiður.*) Ég hlusta ekki á þetta! Hlusta ekki á það! Skil ekki hvað þú ert að fara, maður!

SIGURDUR: Ég er bara að rekja staðreyndir málsins, Guðmundur minn. Þú ert auðvitað búinn að binda trúss þitt við þetta. En það á margur á margur maðurinn eftir að naga sig í handabökin. Japanskir bílar, - hvernig í ósköpunum ætti fólk sem byggir hús úr bambus og pappír að geta smíðað sterka bíla? Ég bara spyr?

GUÐMUNDUR: Ég hlusta ekki á þetta!

SIGURDUR: Þú um það.

10. MYND

Halla og Ásta

HALLA: Ég er dauðhrædd um að það sé eitthvað alvarlegt að honum Guðmundi. Hann hefur verið svo þungur undanfarið. Varla dregist orð upp úr honum. Ég hringdi í lækinn í dag, en hann vildi ekkert segja. Þeir viðurkenna aldrei neitt, þessir læknar. Það er eins og maður sé bara einhver óviðkomandi. (*Hún snöktir.*) Fyrirgefðu, Ásta. Ég hef bara áhyggjur af mannum.

ÁSTA: Ég veit.

HALLA: Ásta, þið ættuð að kíkja austur í sumar. Það gæti orðið svo gaman. Nóg er plássíð.

ÁSTA: Leiðist þér?

HALLA: Mér? Nei, af hverju heldurðu það?

ÁSTA: Ein allan daginn í þessu stóra húsi.

HALLA: Guðmundur kemur nú heim bæði í mat og kaffi. Svo þarf maður að halda öllu hreinu. Það er ofboðslegt ryk sem sest á allt.

ÁSTA: Er ekki búið að malbika?

HALLA: Það er eins og rykið hafi ekkert minnkað við það. (*Dok.*) Ásta, heldurðu að þú komir austur í sumar?

ÁSTA: Við ættum að fara og busla í sjónum einhvers staðar.

HALLA: Í sjónum? Meinarðu á sólarörnd?

ÁSTA: Vindurinn er heitur. Og við allsberar.

HALLA: Þá eru við nú kallalausar, er það ekki?

ÁSTA: Auðvitað. Við höfum lítið við þá að gera allsberar. (*Þær hlæja.*) Sjórinn er blágrænn. Við syndum hlið við hlið í hlýjum, mjúkum sjónum. Ekkert matarstúss. Enginn að reka á eftir okkur. Ekkert samviskubit.

HALLA: Ég er ekki synd, Ásta.

ÁSTA: Þú læturðu þig bara fljóta, manneskja! Það geta allir flotið ef þeir vilja! Eigum við ekki að drífa okkur? Bara við tvær!

HALLA: Bara við tvær?

ÁSTA: Já.

HALLA: Við getum allavega hugsað um þetta þegar þið komið austur í sumar.

ÁSTA: Hugsað?

HALLA: Guðmundi þykir alltaf gaman að fá Sigga austur. Þú veist, þeir geta spjallað endalaust um heima og geima.

ÁSTA: Ég er víst heldur ekki synd.

HALLA: Við sendum kallana bara inn í á að veiða. Þá getum við setið í makindum, fengið okkur kaffi, og spjallað og fylgst með vélin þegar hún kemur að sunnan. Ég er með sjónauka og hvað eina.

ÁSTA: Til hvers?

HALLA: Til að sjá hverjir eru að koma með vélinni. Stundum sveimar vélin bara yfir og getur ekki lent. Það getur líka verið spennandi. Ásta, þið komið! (Dok.) Ég er svo hræðilega einmana stundum. (*Ásta tekur utan um Höllu; Halla grætur*)

11. mynd

Böðvar kemur inn. Hann er greinilega að koma úr ferðalagi. Hávaði úr hljómgræjum Hadda.

BÖÐVAR: (*hermir eftir föður sínum.*) Lækkaðu í þessum andskota! Lækkaðu, lækkaðu!

HADDI: Já, já, ég skal lækka!

BÖÐVAR: Er verið að spila fyrir Heyrnleysingjasamtökin eða hvað!

HADDI: (*undrandi og glaður.*) Böddi, ert það þú? Varstu að koma?

BÖÐVAR: Eru gestir?

HADDI: Halla og Guðmundur.

BÖÐVAR: Fara þau ekki að koma sér?

HADDI: Veit það ekki. Ætlarðu ekki að heilsa frammi?

BÖÐVAR: Það má bíða. (*Hann sér Gógó.*) Með dömu, karlinn? Þú varst með snuð síðast þegar ég sá þig.

HADDI: Það passar nú ekki.

BÖÐVAR: Víst varstu með snuð. Heldurðu að ég muni það ekki.

HADDI: Ertu eitthvað ruglaður, maður, heldurðu að ég hafi verið með snuð fyrir fjórum árum.

BÖÐVAR: Sumir ganga býsna lengi með snuð. Þú varst algjör snuðsjúklingur. Faldir snuð út um allt.

HADDI: Hvar er Gugga, er hún með þér?

BÖÐVAR: Nei.

HADDI: Ætlarðu að stoppa eitthvað?

BÖÐVAR: Ekki alveg ljóst.

HADDI: Er eitthvað að?

BÖÐVAR: Að hverjum?

HADDI: Ég hélt kannski ...

BÖÐVAR: Búinn að sleppa snuðinu, karlinn, og farin að sjúga brjóstið aftur.

HADDI: Láttu ekki svona. Hvað ertu með? Er þetta gras?

BÖÐVAR: The green, green grass of home. (*Hefst handa um að blanda í pípu.*) Og kallinn að selja bátinn. Hvað ætlar gamli víkingurinn að gera, bera út blöð?

HADDI: Spurðu hann sjálfan.

BÖÐVAR: Fara í álverið?

HADDI: Hann hatar álverið.

BÖÐVAR: Kannski tekur hann við heimilinu, saumar, steikir, sýður, skúrar gólf, gætir hinna kæru ávaxta ástarinnar.

HADDI: Hver veit. Kannski.

BÖÐVAR: Kannski. Aldrei að vita með svona mann. (*Sogar að sér reyk úr pípunni.*) Ætli sé hægt að fá samviskubit af því að drepa þorsk?

HADDI: Það held ég varla. Má ég fá reyk? (*Böðvar fær honum pípunu.*)

BÖÐVAR: Þú heldur kannski að hann þekki ekki samviskubit?

HADDI: Spyrðu hann sjálfan.

BÖÐVAR: Þú ert líkur einhverjum sem ég þekki.

HADDI: Af hverju ætti ég ekki að vera það?

BÖÐVAR: Þorskar tala bara um það sem skiptir máli.

HADDI: Og hvað skiptir máli?

BÖÐVAR: Hitastigið, fæðan, hrygningin. Segir þessi stúlka aldrei neitt?

HADDI: Hún ræður því sjálf hvenær hún talar.

BÖÐVAR: Hún þegir og þú strýkur henni um hrognafullan kviðinn?

HADDI: Þarftu að láta svona?

BÖÐVAR: Segðu eitthvað, litla meri!

HADDI: Haltu kjaftri, maður!

BÖÐVAR: Þú veist ekki hverskonar rándýr er komið í fiskabúrið þitt, bróðir sæll. Láttu mig þekkja tennurnar. Þær munu naga hverja kjöttuttlu af beinum þínum.

HADDI: Hættu þessu rugli maður!

BÖÐVAR: Af hverju ertu kominn með þennan svip svona ungur?

HADDI: Hvaða helvítis svip?

BÖÐVAR: Hvar eru dagblöðin, hvað hafiði gert við dagblöðin!

HADDI: Þann svip!

BÖÐVAR: Matmálstími er þegar matur er á borðum!

HADDI: Nú læt ég læsa símanum, karl minn!

BÖÐVAR: Lækkaðu í þessum andskota!

HADDI: Er verið að spila fyrir öll Heyrnleysingjasamtökin?

BÖÐVAR: Sjónvarp er fyrir fábjárna!

HADDI: Þú færð nógan tíma til að hvíla þig þegar þú ert dauður!

BÖÐVAR: Hrossakjöt!

HADDI: Hrossakjöt!

Þeir tönnlast á þessum orðum og veltast um af hlátri. Gógó hefur snúið sér upp í horn og breitt yfir sig.

12. mynd*Í stofunni.*

HALLA: Já, ég sagði þorskalýsi. Þú þarft ekki að hrista hausinn yfir því, Siggi minn, þetta er sannað mál. En maður verður að súpa duglega á flöskunni, þá fer lýsið út í blóðið og kemur í veg fyrir liðagigt.

SIGURÐUR: Ég hef meiri trú á svörtu kaffi, helst á fastandi maga.

ÁSTA: Já, ef þú vilt drepa þig.

SIGURÐUR: Ég er ekki dauður enn.

ÁSTA: Það kemur.

SIGURÐUR: Ég er ekkert á leiðinni út í kirkjugarð. Leitt að hryggja þig.

HALLA: Þetta er vísindalega sannað, svo þér er óhætt að trúna því, Sigurður.

GUÐMUNDUR: Lýsi hefur alltaf verið talið hollt.

SIGURÐUR: Jæja? Þið bara fylgist ekki með. Af hverju er verið að tala um að fita sé óholl? Af því fita er óholl. Og hvað er lýsi annað en fita?

HALLA: Það er allt annað, Siggi minn.

SIGURÐUR: Reyndu að drekka fjóra bolla af lýsi, vittu hvort þér verður gott af því. Ég drekk sex bolla af kaffi eftir matinn og mér verður ágætlega af því. Reyndu að drekka sex bolla af lýsi í einni beit.

ÁSTA: Þetta er orðið ágætt hjá þér, Sigurður. (*Ásta reynir að beina talinu á aðra braut.*)
Hvernig dafna blómin hjá þér, Halla mín? Allir gluggar fullir eins og venjulega?

SIGURÐUR: Þú hellir náttúrlega lýsi yfir blómin?

HALLA: Láttu ekki svona, Sigurður.

GUÐMUNDUR: Er ekki eitthvað að byrja í sjónvarpinu?

ÁSTA: Jú, það hlýtur að vera einhver mynd. Viltu aftur glasið, Halla?

SIGURÐUR: Gefðu henni tvöfaldan lýsi.

ÁSTA: Ertu orðinn fullur eða hvað?

HALLA: Þoliði ekkert, strákar?

SIGURÐUR: Smá styrkingu, Guðmundur, þú hefur gott af þessu ofan í alla lýsisbrækjuna, ég tala nú ekki um ef þú ætlar að skrölta alla leið austur á land á Möstu.

GUÐMUNÐUR: Bara veika blöndu, Siggi minn, ég er akandi.

13. mynd

Böðvar, Haddi og Gógó. Herbergi Hadda.

BÖÐVAR: Fjölskyldan er sú legkaka sem þú nærast á eftir að þú ert sloppinn úr móðurkviði. Pabbi, mamma, afi og amma, frænkur og frændur aftur í rauðan rass. Éttu okkur biðja þau, éttu okkur og taktu á þig okkar mynd; betrumbættu okkur! Ókei, ókei, hugsar þú litla skrímsli og étur hugsunarlaust og belgist út og fitnar og byrjar að hata sjálfan þig um leið og þú sérð á þínu auða blaði taka að birtast mynd af hugleysi þeirra, þröngsýni og mistökum. En þú færð ekki rönd við reist, draugar fortíðarinnar hafa tekið sér bólfestu í þér. Og líkami þinn og hugur æpa á næringu! Þú grípur það sem hendi er næst og treður því í þig, litla átvagl. Og þú tekur á þig sífellt afskræmislegri myndir, en það verður ekki aftur snúið. Fólki heyrast þú vera að gera notalegar athugasemdir við daginn og veginn. En þú getur ekki talað, heldur vælir þú og æmtir og rekur upp hálfkæfð óp. Því orðin sem þú hefur nærst á alla tíð eru nefnilega ekki mannamatur heldur grjót, litli minn, grjót með ekkert lífrænt innihald. Þú ert mállaus þótt þú talir þótt bunan gangi út úr þér. Og hvað er hryggilegra en mállaus maður sem talar reiprennandi?

HADDI: Lækkaðu í þessu hrossakjöti, drengur!

BÖÐVAR: En kannski — einhvern tíma — sökum ofmettunar — hver veit? — það hefur myndast þrýstingur í belg þínum — þú ryður því úr þér — hið ófrjóa grjót ryður sér braut út um endaparminn ásamt blóði og innyflaslitrum.

HADDI: O, ó!

BÖÐVAR: Þú stendur eftir holur og tómur.

HADDI: Eða kannski rifna ég að endilöngu og dey!

BÖÐVAR: Kannski áttu þess kost að byrja á nýjan leik.

HADDI: Kannski er ég saumaður saman? Þekki ekki sjálfan mig þegar ég lít í spegil. Sæll, herra Frankenstein! Ég held ég þurfi að æla!

BÖÐVAR: Ertu að koxa, drengur? Ældu, ældu því öllu! Ældu! (*Haddi ælir.*)

14. mynd

Halla, Ásta, Sigurður, Böðvar. Stofa. Sjónvarpið malar.

GUÐMUNDUR: Er það satt að þú sért að selja bátinn?

SIGURÐUR: Nei, það er ekki satt - ég ætla að sökkva honum.

GUÐMUNDUR: Hvað færðu fyrir svona fleytu?

SIGURÐUR: Þú vilt kannski kaupa?

GUÐMUNDUR: Nei, ætli ég hafi ekki nóg með vörubílaútgerðina.

SIGURÐUR: Gott hjá þér! Þótt þú sért nógu auðtrúa til að kaupa japanskan bíl, ertu samt ekki nógu vitlaus til að kaupa þér vélbát.

ÁSTA: Reyndu að blanda þennan spírafjanda ofan í ykkur, maður.

GUÐMUNDUR: Hvað ætlaðu að gera þegar þú kemur í land?

SIGURÐUR: Ég ætla að leyfa mér að lesa dagblöðin í friði á klósettinu.

HALLA: Ægilega er þetta langdregin og ömurleg mynd.

SIGURÐUR: Langdregin? Er ekki búið að drepa mörg hundruð manns á fimm mínútum?

HALLA: Ég skil bara ekki til hvers er verið að sýna manni þessa eynd. Á þetta að gerast í Afríku?

ÁSTA: Þetta gerðist í Afríku. Þetta er heimildarmynd.

HALLA: Það er engin virðing borin fyrir lífinu. Það myrðir bara hvað annað og börnin deyja eins og flugur.

SIGURÐUR: Hvern andskotan eru þeir að gera með kvikmyndavélar uppi í kjaftinum á deyjandi fólki, af hverju eru þeir ekki að hella í það lýsi, fyrst það er jafn hollt og þið segið?

GUÐMUNDUR: Hinrik bróðir þinn, - er hann ennþá að vinna suður á Velli?

SIGURÐUR: Hinrik er löngu dauður.

ÁSTA: Vertu ekki með þessa vitleysu, Sigurður.

SIGURÐUR: Þá er Hinrik ekki dauður, hann hefur bara skroppið saman þannig að hann kemst fyrir í amerísku skítafötunni sem hann vinnur við að losa.

HALLA: Æ, ég er orðin hálf syfjuð. Og maður er ekki farinn að tala saman neitt af viti.

ÁSTA: Við tölum saman í sumar, Halla mín, þegar við komum austur.

HALLA: Já, þá skulum við svei mér tala saman. Senda kallana inn í á að veiða silung og sitja bara sjálfar allan daginn og tala saman.

GUÐMUNDUR: Þeir rífa upp peninga í virkjununum. Þú hefur ekkert verið að spekúlera í því að koma þér í virkjanirnar?

SIGURÐUR: Sýnist þér ég vera þrítugur?

GUÐMUNDUR: Það fara nú margir eldri en þrítugir í virkjanavinnu.

SIGURÐUR: Ég er rúmlega fimmtugur, andskotinn hafi það!

HALLA: Þið eruð svo alvarlegir, strákar.

ÁSTA: Það er að renna upp fyrir þeim að lífið er alvarlegt mál.

SIGURÐUR: Jæja? Hver hefur sagt þér það?

ÁSTA: Ég hef augu og eyru.

GUÐMUNDUR: Jæja, ætli maður fari ekki að drífa sig.

HALLA: Þetta er búið að vera ógurlega huggulegt, elskan.

BÖÐVAR: (kemur í gættina.) Gott kvöld.

ÁSTA: Ert þú kominn, elsku drengurinn minn! Guðmundur og Halla eru hér í heimsókn.

BÖÐVAR: Sæl veriði.

GUÐMUNDUR: Sæll, Böðvar minn.

HALLA: Það er langt síðan við höfum séð þig. Hvernig hafið þið það þarna úti?

ÁSTA: Ertu ekki svangur? Á ég ekki að finna eitthvað í svanginn handa þér.

BÖÐVAR: Ég er ekki svangur.

ÁSTA: Þú hlýtur að vera svangur. Ég var með svo ágætar bollur í kvöldmatinn. Bollur í karrýsósu.

BÖÐVAR: Nei, takk, - nei, takk mamma.

SIGURÐUR: Af hverju ert þú hér, ef ég má spyrja?

BÖÐVAR: Kanntu ekki lengur að heilsa?

SIGURÐUR: Ég spurði hvað þú værir að gera hér?

ÁSTA: Svona, byrjaðu nú ekki. Drengurinn er að koma inn úr dyrunum.

HALLA: Ætlarðu að stoppa eitthvað, Böðvar minn?

BÖÐVAR: Ég bara veit það ekki.

HALLA: Hvernig hefur Gugga það, og barnið?

BÖÐVAR: Það er allt í lagi með þau.

HALLA: Komu þau ekki með þér?

BÖÐVAR: Nei. Við erum skilin.

HALLA: Jæja. (*Þögn.*) Siggi litli hefði nú getað komið með þér, það hefði verið gaman að sjá hann.

BÖÐVAR: Mamma hans vildi ekki sleppa honum.

HALLA: Amma hans og afi hefðu nú aldeilis dekrað við hann.

GUÐMUNDUR: Þú ferð út aftur, er það ekki?

BÖÐVAR: Bara veit það ekki.

HALLA: Þú ert ekki hættur í náminu, er það? Þú átt ekkert mikið eftir?

SIGURÐUR: Eru ekki tíuþúsund vitleysingar í útlöndum á námsstyrkjum að lesa Karl Marx?

ÁSTA: Námslán, Sigurður, það heitir námslán.

SIGURÐUR: Og Maó, ekki má gleyma þeim öðlingi, það þarf nú aldeilis þjóðfélagsfræðingaherdeild til að stúdera það skoffín.

BÖÐVAR: Það er þessi gálinn á honum. Hann hefur fengið sér í tána.

HALLA: Þeir eru alltaf að sulla, þessir kallar.

SIGURÐUR: Síðan kemur þetta hingað upp ekkert nema heimtufrekjan og krefst þess að þjóðfélagið haldi áfram að hlaða undir rassgatið á því. Ríkið á að opna tíu nýjar skrifstofur á dag svo þessir fínu menn geti hreiðrað um sig.

BÖÐVAR: Æ, góði hættu þessu nöldri.

SIGURÐUR: Þá byrjar þessi menntamenn, sem kunna ekki að skeina sig eftir tuttugu ár í skóla, að klifra upp á bakið á alþýðunni sem þeir fyrirlíta svo innilega og kalla hina afvegaleiddu öreigastétt – þessi meðvitundarlausí öreigalýður þarf svo mikið á þeirra fínu leiðsögn að halda.

BÖÐVAR: Gleymdu ekki arkitektunum.

SIGURÐUR: Nei, ég gleymi þeim víst ábyggilega ekki. Þök byrjuðu ekki að leka á Íslandi fyrr en landið fylltist af þessum andskotans hálfvitum.

BÖÐVAR: Er ekki komin kojuvakt á þig, gamli minn?

SIGURÐUR: Ég þarf engar ráðleggingar frá þér.

BÖÐVAR: Ég bjóst ekki við því. En mér finnst þú eigir að halda kjafti.

SIGURÐUR: Ertu að segja mér að halda kjafti í mínum húsum?

BÖÐVAR: Já, reyndu að hafa vit á því einu sinni.

ÁSTA: Svona, Böðvar, nú segi ég stopp! Hættiði þessu!

SIGURÐUR: Djöfuls óþokkinn þinn!

ÁSTA: Farðu að sofa, Sigurður!

SIGURÐUR: Djöfull, djöfull, djöfull!

ÁSTA: Já, hann vitjar þín áreiðanlega ef þú ákallar hann nógu oft.

(Sigurður fer.)

HALLA: Jæja, elskan, ætli við förum ekki að drífa okkur.

BÖÐVAR: Nei, veriði endilega kyrr. Hvað er að fréttu af Austurlandi? Orðrið vart við drauga nýlega?

GUÐMUNDUR: Nei, nú förum við að drífa okkur. Ég þarf að sækja bílinn í umboðið í fyrramálið.

HALLA: Bless, elsku Ásta mín. Og bless Böddi, minn. Guð veri með ykkur öllum.

(Guðmundur og Halla fara.)

BÖÐVAR: *(Ákallandi; lágt.)* Mamma ... Fyrirgefðu.

ÁSTA: Ég get ekki talað. Förum að sofa.

15. mynd

Daginn eftir.

Sigurður, Ásta, Böðvar, Haddi, Gógó.

ÁSTA: *(við Hadda)* Skrepptu nú fyrir mig út í sjoppu.

HADDI: Nenni því ekki.

ÁSTA: *(við Gógó.)* Vilt þú skreppa?

GÓGÓ: *(við Hadda.)* Haddi, far þú.

HADDI: Ég er búinn að segja það, ég fer ekki neitt!

ÁSTA: Vitiði hvað þetta kallast? Leti og ómennska.

HADDI: Farðu sjálf og kaupu pilsner í kjaftinn á kallinum.

ÁSTA: Hverskonar letigarður er þetta?

HADDI: Æ, farðu til fjandans!

ÁSTA: Ég enda ábyggilega með því.

BÖÐVAR: *(liggur í sófa undir teppi.)* Er nauðsynlegt að vera með þessi læti?

ÁSTA: Fyrirgefðu. Vilt þú eitthvað úr sjoppunni?

BÖÐVAR: Kalda kók.

ÁSTA: Þetta eru eins og gamalmenni, liggjandi uppi í bæli svælandi sígarettur, káfandi hvort á öðru.

BÖÐVAR: Hvað gerðir þú þegar þú varst ung?

ÁSTA: Ég var ekki byrjuð að reykja á þessum aldri, það veit sá sem allt veit. *(Dok.)* Kannski var ég heldur aldrei ung. Að minnsta kosti ekki ef það merkir að vera farin að

sofa hjá á barnsaldri.

BÖÐVAR: Hefur þér einhvern tíma þótt varið í að sofa hjá? (*Þögn.*)

ÁSTA: Viltu að ég svari þessu?

BÖÐVAR: Nei.

ÁSTA: Böðvar minn ...

BÖÐVAR: Hvað?

ÁSTA: Æ, ég vildi að Gugga væri komin og drengurinn.

BÖÐVAR: Vertu ekki með þennan væl!

ÁSTA: Nei. Nei. Stóra kók?

BÖÐVAR: Stóra kók, já, og eitt Prins Póló.

ÁSTA: Prins Póló.

BÖÐVAR: Er maður ekki alinn upp á Prins Póló?

ÁSTA: Prins Póló skal það vera, herra minn. Bless á meðan. (*Ekkert svar*) Bless! Heyrir einhver? Bless!

BÖÐVAR: (*Pirraður*) Já, já, bless, bless, bless.

HADDI: (*kallar*) Mamma! Bless!

Ásta fer. Sigurður kemur fram á nærbrókinni. Hann opnar kæliskápinn, gramsar, finnur ekki það sem hann leitar að, skellir kæliskápshurðinni; hverfur aftur.

16. mynd

Haddi og Gógó. Herbergi Hadda.

GÓGÓ: Ætlar hann að vera hér.

HADDI: Hver?

GÓGÓ: Bróðir þinn.

HADDI: Hvað heldurðu að ég viti það.

(Þögn.)

GÓGÓ: Er hann eitthvað skríttinn?

HADDI: Af hverju heldurðu það?

GÓGÓ: Af hverju eru þau að skilja?

HADDI: *(Pirraður.)* Hvaða heldurðu að ég viti það.

GÓGÓ: Hvernig er hún? Konan hans?

HADDI: Bara svona ... eins og fólk er flest.

GÓGÓ: Sæt?

HADDI: Ég hef ekki smakkað á henni.

GÓGÓ: Ætlar þú nokkurn tíma að skilja við mig?

HADDI: Við erum ekki gift.

GÓGÓ: Við ætlum að gifta okkur.

HADDI: Hvað heldurðu að ég viti það, manneskja.

GÓGÓ: Er hún sætari en ég?

HADDI: Hún er öðruvísi.

GÓGÓ: Hvernig öðruvísi?

HADDI: Bara öðruvísi!

GÓGÓ: Er hún leiðinleg?

HADDI: *(Ennþá pirraðri.)* Djöfulinn ætli ég viti um það.

GÓGÓ: Er ég leiðinleg?

HADDI: Hefur einhver sagt þér það?

GÓGÓ: Er hún smart?

HADDI: Hún er gáfuð.

GÓGÓ: Hvernig þá gáfuð?

HADDI: Það skiptir engu máli.

GÓGÓ: Af hverju ertu þá að segja mér að hún sé gáfuð ef það skiptir ekki máli?

HADDI: Af því það skiptir engu helvítis máli!

GÓGÓ: Þér finnst ég kannski svona heimsk?

HADDI: Þú værir þá ekki fyrsta heimsku manneskjan í heiminum.

GÓGÓ: En þú getur samt sofið hjá mér.

HADDI: Það er best að ríða heimsku kvenfólki.

GÓGÓ: Jæja, hver segir þér það?

HADDI: Það vita allir. Heimskt kvenfólk bleytir sig betur en gáfað kvenfólk. Má ég finna. Vá! Þú hlýtur að vera ferlega heimsk.

GÓGÓ: Þú ert viðbjóður! (*Hlær. Kastar sér í fangið á Hadda*)Kysstu mig viðbjóðurinn þinn.

17. mynd

Sigurður, Ásta, Böðvar og Jóna.

SIGURÐUR: Ég var ekki að biðja um neitt.

ÁSTA: Ég er að bjóða þér pilsner.

SIGURÐUR: Það er ekki venjan að stjána við mig.

ÁSTA: Ekki það, nei? Viltu magnil?

SIGURÐUR: Ég er ekki alinn upp á magnil.

ÁSTA: Héna, taktu tvær af þessu. (*Þögn.*) Þú hefur þá lyst á pilsnernum þegar allt kemur til alls.

SIGURÐUR: Viltu ekki dæla þessu upp úr mér aftur?

ÁSTA: Menn hafa orðið blindir af því að drekka spíra.

SIGURÐUR: Ég sé þig alveg nógu greinilega.

ÁSTA: Þykir þér ekkert vænt um lifrina í þér?

SIGURÐUR: Hún endist þar til ég drepst.

ÁSTA: Þú ert stundum óviljandi fyndinn.

SIGURÐUR: Það er alveg ókeypis.

ÁSTA: Þetta er ekki sagt af neinum kvikindisskap, mér er bara ekki sama hvernig þú ferð með skrokkinn á þér. Ég er stundum að spá í það hvað þú vilt.

SIGURÐUR: Ég vil láta jarða mig í pappakassa.

ÁSTA: Í pappakassa. (*Hlær.*) Er það nú orðinn pappakassi. Einhverri sérstakri tegund?

SIGURÐUR: Utan af lyftidufti. Svo ég gangi aftur.

ÁSTA: Þú ert náttúrulega alveg lystarlaus á mat?

SIGURÐUR: Það er mitt mál.

ÁSTA: Þá tekur því varla að elda hrygginn?

SIGURÐUR: Nei, nei, viltu ekki bara slengja honum gaddfreðnum á borðið.

ÁSTA: Þú sæir eflaust lítinn mun.

SIGURÐUR: Af hverju hírist þetta eins og hundur í sófanum? Af hverju sefur hann ekki í rúmi?

ÁSTA: Hann vildi sofa þarna.

SIGURÐUR: Sama djöfuls þrjóskan í þessu. Varstu með meiri pilsner?

ÁSTA: Í ísskápnum.

(Ásta snýst á hæli; sér þá að Jóna er komin inn á mitt gólf.)

JÓNA: Já, það var sem mér sýndist, þú ert þá kominn til landsins, Böðvar minn!

ÁSTA: Hvað viltu fá lánað núna, Jóna mín?

JÓNA: Mikið er gaman að sjá hann Böðvar.

ÁSTA: Voru það kartöflur eða sykur?

JÓNA: Sykur. Sykur, heillin. Einn bolla. Komstu í gærkveldi, drengurinn minn? Mér sýndist það vera þú. Ertu nokkuð hættur að hafa lyst á súkkulaðitertu? Ég á eina niðri sem ég bakaði í nótt.

BÖÐVAR: Nammi, namm! Var einhver að tala um súkkulaðitertu? (*Rís upp.*)

ÁSTA: Hann er skilinn við konuna, Jóna mín, ef það er það sem þú vilt fá staðfest.

JÓNA: (hvíslar.) Ég frétti reyndar að konan hefði skilið við þig.

BÖÐVAR: (hvíslar. Þau hvíslast á.) Hún æpti á mig, sagði að ég hefði engan áhuga á uppvaski eða gólfþvottum. Ég brást hinn versti við, æpti á hana á móti, og svo æptum við hvort á annað þar til ég kýldi hana í andlitið.

JÓNA: Þessu á ég erfitt með að trúá á þig, Böðvar minn.

BÖÐVAR: Ég trúi því eiginlega heldur ekki sjálfur.

JÓNA: Og hún vill skilja við þig?

BÖÐVAR: Ég átti um tvennt að velja: bæta ráð mitt eða fara til helvítis. Hvorn kostinn heldurðu að ég hafi valið?

JÓNA: Alltaf spaugsamur. Og á ekki langt að sækja það.

BÖÐVAR: Ég er tímaskekkja, Jóna, nútímakarlmenn eiga að vera mjúkir, elda mat, þvo þvott og bæta fyrir 200.000 ára kúgun konunnar.

JÓNA: Þú hefur ekki alveg fundið þig í því?

BÖÐVAR: Ég er gjörspilltur. Vil fá súkkulaðitertuna án þess að leggja nokkuð á mig.

JÓNA: Komdu þá niður á eftir og fáðu súkkulaðitertu. Það er nóg til hjá mér.

BÖÐVAR: Takk, Jóna.

ÁSTA: Það er naumast ástarsamband. Viltu ekki sykurinn, Jóna mín.

JÓNA: Nei, í rauninni var bara að gera mér upp erindi.

ÁSTA: Ja, nú er ég svo hlessa, Jóna þó!

JÓNA: Mig langaði bara að sjá hann Böðvar minn.

BÖÐVAR: Hvernig lýst þér á bjórvömbina á mér?

JÓNA: Þú hefur drukkið mikinn bjór.

BÖÐVAR: Talsvert. Eitthvað varð að koma í staðinn fyrir súkkulaðitertuna þína.

SIGURÐUR: (*kemur fram á nærbrókinni.*) Enga merkjasölu hér, takk!

JÓNA: Sigurður minn, ég var bara að segja ...

SIGURÐUR: Skiptir engu hvaða félagsskapur það er, öll merkjasala bönnuð.

JÓNA: Það liggur ekki vel á þér, heyrir ég.

SIGURÐUR: Ekki einu sinni merki Slysavarnafélagsins – kaupir engin merki. Út! Út!

JÓNA: Ertu að reka mig út?

SIGURÐUR: Það þýðir ekkert að látast vera blind, heyrnaralaus eða lömuð niður í mitti!
Enga merkjasölu hér!

BÖÐVAR: Láttu ekki svona við kerlingarhræið.

SIGURÐUR: Það er alveg á hreinu - engin andskotans merkjasala í mínum húsum!

JÓNA: Ég á ekki orð, þú ert bara í stuði.

ÁSTA: Ertu alveg viss um að þig vanti ekki sykurinn?

SIGURÐUR: Og gleymdu ekki títuþrjónunum!

JÓNA: Er nú farið að slá út í fyrir þér, Sigurður minn, hvaða títuþrjónum?

SIGURÐUR: Svik í tafla? Selur barmmerkin títuþrjónalaus!

ÁSTA: Hlustaðu ekki á hann Sigurð, Jóna mín, nú vill hann láta jarða sig í pappakassa.
Hann er hættur við að láta sjóða upp af sér sápu.

JÓNA: Jæja, ég þakka móttökurnar.

SIGURÐUR: Og reyndu ekki að selja títuþrjónalaus barmmerki, ég tek mjög hart á slíku!

BÖÐVAR: (*hrópar á eftir Jónu.*) Ég kem í súkkulaðitertuna seinna í dag, Jóna!

18. mynd

Sigurður, Ásta, Böðvar, Gógó, Haddi.

HADDI: Varstu með ís?

ÁSTA: Ég var með ís, já. Hvaða bragð má bjóða þér?

HADDI: Hvaða brögð hefurðu í frammi?

ÁSTA: Vanillubragð.

HADDI: Áttu ekki fantabragð?

SIGURDUR: Éttu bara það sem er á boðstólum, karl minn.

HADDI: Hafiði heyrt þennan áður?

SIGURDUR: Viltu ekki fá bleika kokkteilsósu út á ísinn?

BÖÐVAR: Hvað kemur næst?

HADDI: Það er ekki hægt að éta soðna ýsu hér heima, en það er hægt að éta dauðan hund ef hann er með kokkteilsósu djúpteiktur í einhverri andskotans sjoppuholunni.

BÖÐVAR: Allt óbreytt heyri ég?

HADDI: Allt óbreytt.

BÖÐVAR: Hvernig getur það verið að allt sé óbreytt? Jörðin er ekki lengur flöt. Það er búið að finna upp hjólið. Fólk hefur eina skoðun í dag, en aðhyllast svo aðra skoðun á morgun.

SIGURDUR: Ég hef ekkert að gera við skoðanir. Það fiskar enginn á skoðanir nema pólitískir loddarar.

HADDI: Hvað um þá skoðun þína að það vanti stríð svo hægt sé að græða dálítið á útgerðinni.

SIGURDUR: Það hefur aldrei verið neitt upp úr útgerð að hafa á Íslandi nema á stríðstímum, en það er ekki skoðun, heldur staðreynd.

HADDI: Gott, gamaldags stríð með landgönguprömmum og fjöllum af niðursuðudósum svo hægt sé að koma báthelvítinu í leigu hjá hernum og maka krókinn? Og nógu marga dauða svo rýmkið ögn í heiminum.

ÁSTA: Hann verður að vera þversum.

HADDI: Svo eigum við, ávextir ástarinnar, að vera langsum.

BÖÐVAR: Annars gæti hann ekki verið þversum.

SIGURÐUR: Þið eigið bara að haga ykkur eins og fólk.

BÖÐVAR: Og hvernig hagar fólk sér?

HADDI: Það fer í þagnarbindindi í tíu daga.

SIGURÐUR: Það er nægur kjaftavaðall í heiminum.

HADDI: Sammála.

SIGURÐUR: Sammála hverju?

HADDI: Öllu sem þú segir!

SIGURÐUR: Það eru allir kjaftandi upp um alla veggj...

ALLIR ÞRÍR: ... í útvarpi, sjónvarpi, á Alþingi.

HADDI: Fiskifræðingarnir hafa nú aldeilis skoðanir á því hvernig þorskinum líður, þessir helvítis vitleysingar halda að það sé hægt að friða þorskinn ...

SIGURÐUR: Ég veit meira um þorsk en allir þessir þorskhausar samanlagt.

HADDI: Hundrað þúsund heimskingjar skáka ekki einum snillingi. Hann er á móti öllum friðunaraðgerðum. Frjálsar veiðar, segir hann.

SIGURÐUR: Þorskurinn friðar sig sjálfur.

BÖÐVAR: Hvernig fer þorskurinn að því?

SIGURÐUR: Þegar ekki borgar sig lengur að gera út á þorsk, þá fær þorskurinn að vera í friði.

BÖÐVAR: Og það er væntanlega þegar stofninn er aldauða?

SIGURÐUR: Það þarf enginn að segja mér að það sé fiskifræðingum að þakka að síldarstofninn hefur rétt við. Það var einfaldlega hætt að gera út á síld af því það borgaði sig ekki lengur. Þá byrjaði stofninn að stækka — það er einfalt.

GÓGÓ: Haddi, eigum við ekki að fara að koma?

HADDI: Við ætlum í bíó. Ætliði ekki að óska okkur góðrar skemmtunar?

SIGURÐUR: Gætiði þess að gróa ekki saman á lúkunum.

GÓGÓ: Ég þakka fyrir mig.

ÁSTA: Verði þér að góðu, Gógó mín. Búið ykkur nú vel, krakkar, það er kalt úti.

SIGURDUR: Nei, nei, fariði bara hálfnakinn út með skyrtuna flakandi niður á nafla og uppbrettar ermar. Það er um að gera að ofkæla sig og safna í sig kvefi svo hægt sé að kaupa mixtúru og liggja í bælinu dögum saman svælandi sigarettur með græjurnar á fullu.

HADDI: Passaðu að þú kafnir ekki í kuldaúlpunni, gamli minn.

SIGURÐUR: Það yrði mikil sorg að þér kveðin, vænti ég.

HADDI: Maður fengi þá að minnsta kosti lánaðan bílinn.

SIGURDUR: Þú færð engan bíl, karl minn.

HADDI: Þú ætlar kannski að láta jarða þig í bílnum?

SIGURDUR: Það kemur sterklega til greina.

HADDI: Þæliði í því, fyrsta jarðarförin þar sem líkið situr undir stýri! Ætlarðu ekki að lána okkur bílinn?

SIGURDUR: Ég veit ekki betur en það sé starfrækt heilt strætisvegnakerfi undir rassgatið á ykkur.

HADDI: Hvað er langt síðan þú hefur farið í strætó?

SIGURÐUR: Strætisvagnar eru fyrir gamalmenni, börn og aumingja, ekki fyrir fullhresst, vinnandi fólk.

BÖÐVAR: Hann er alltaf að batna.

HADDI: Maðurinn endar sem vinsæll skemmtikraftur, ekki spurning. Sigurður Jónsson toppnöldrari nöldrar á Broadway í kvöld! Þið munið æla af hlátri þegar hann þegar hann hellir sér yfir ykkur!

ÁSTA: Drífið ykkur, krakkar mínir. Og komið ekki seint heim.

SIGURÐUR: Farðu berfættur, svo allt sé í stíl. Og gleymdu ekki sigarettukartóninu.

HADDI: Þakka þér fyrir að vera sífellt að hugsa um velferð mína. Það er aldrei að vita nema þú verðir kjörinn „faðir aldarinnar“.

SIGURÐUR: Það dugir mér alveg að vera faðir þinn.

HADDI: Það var að vísu ekki að minni ósk.

(Gógó og Haddi hverfa út.)

BÖÐVAR: Haddi er orðinn mikill gaur.

ÁSTA: Hann heldur í mér lífinu.

BÖÐVAR: Er eitthvað varið í þessa stelpu?

ÁSTA: Hún er ágæt, greyið.

BÖÐVAR: Það virðist nú ekki vera mikið í hausnum á henni.

SIGURÐUR: Hvern djöfulinn ert þú að hafa skoðun á því.

BÖÐVAR: Var þetta gluggi að skellast?

SIGURÐUR: Passaðu það sem er í hausnum á sjálfum þér.

(Sigurður stendur á fætur; kveikir á útvarpi.)

ÁSTA: Hvað hyggstu fyrir, Böddi minn? Verðurðu ekki að finna þér vinnu?

BÖÐVAR: Er það eina spurningin sem fólki dettur í hug?

ÁSTA: Um hvað viltu að ég spyrji þig, Böddi minn?

BÖÐVAR: Ég veit það ekki.

ÁSTA: Hvað með Guggu og barnið?

BÖÐVAR: Þau eru betur komin án mín.

(Þögn.)

BÖÐVAR: Það á að setja mig inn.

ÁSTA: (*Dok*) Það er nefnilega það. (*Dok*) Þá vantar ekkert upp á forfrömun fjölskyldunnar. Fyrir hvað?

BÖÐVAR: Smygl.

ÁSTA: Hverju varstu að smygla?

BÖÐVAR: Einhver aðili í Kaupmannahöfn hringdi heim, sagði að það væri sending á leiðinni.

ÁSTA: Sendingu af hverju? Eiturlyfjum?

BÖÐVAR: Sumir kalla það eiturlyf. Aðrir kalla það gras.

ÁSTA: Varstu tekinn með þetta?

BÖÐVAR: Það fannst í farangri sem var merktur mér.

(*ÞÖGN.*)

ÁSTA: Þú færð þá tíma til að lesa Íslendingasögurnar, geri ég ráð fyrir.

(*ÞÖGN.*)

(*Ásta ris á fætur, byrjar að klæða sig í kápu; Böðvar fylgir henni eftir*)

(*ÞÖGN.*)

BÖÐVAR: Eigið þið einhverja kröfu á mig?

ÁSTA: Já, við eigum það!

BÖÐVAR: Hlustaðu einu sinni á mig! Við lifum ekki í sömu veröld, og ég neita því að þurfa að standa ykkur einhver reikningsskil! Mamma, ég neita að hafa átt þetta. Það gæti einhver hafa sett þetta í töskuna! Einhver annar en ég! (*Ásta fer.*)

SIGURÐUR: (*Kemur inn.*) Mamma þín farin?

BÖÐVAR: Hvað sýnist þér?

SIGURÐUR: Hvert var hún að fara?

BÖÐVAR: Veit það ekki. (*Dok.*) Pabbi. Fæ ég pláss hjá þér á sjónum?

SIGURÐUR: Ég hef nóg af mönnum.

BÖÐVAR: Er ekki pláss fyrir einn í viðbót?

SIGURÐUR: Til hvers?

BÖÐVAR: Ég veit það ekki ennþá.

SIGURÐUR: (*Dok.*) Það er engin framtíð í sjómennsku.

BÖÐVAR: Í hverju er framtíð?

SIGURÐUR: Settu upp tískuverslun. Það er mikil framtíð í því.

BÖÐVAR: Er ekki hægt að tala við þig eins og mann?

SIGURÐUR: Ég skil þig ekki.

BÖÐVAR: Hefurðu einhvern tíma reynt að skilja mig?

SIGURÐUR: Hvað á ég að reyna að skilja?

BÖÐVAR: Að ég er ekki þú og að ég vil ekki vera þú. Og að ég skil ekki af hverju ég er eins og ég er. Og að ég vil ekki vera eins og ég er. Skilurðu þetta?

SIGURÐUR: Nei.

BÖÐVAR: Þá nær það ekki lengra.

(PÖGN.)

SIGURÐUR: Það er eitthvað nýtt ef þú ætlar skyndilega að fara að upplýsa mig um þína hagi. Það er eitthvað alveg nýtt.

BÖÐVAR: Þetta hefur ekkert upp á sig.

SIGURÐUR: Ef þú nennir ekki að tala ...

BÖÐVAR: Góði, skríddu upp í rassgatið á sjálfum þér og vertu þar í eigin skítalykt!

19. mynd

Ásta, Sigurður, Haddi, Gógó.

ÁSTA: (*kemur inn í kápu.*) Hvar er Böðvar?

SIGURÐUR: (*situr í stofunni í bláum ljósgeisla frá sjónvarpinu.*) Ertu að spyrja mig að því?

ÁSTA: Hvað heyrir þér?

SIGURÐUR: Hann fór út.

ÁSTA: Hvert? Langt síðan?

SIGURÐUR: Veit það ekki, ég svaf.

ÁSTA: Hálf tími, klukkutími, tveir tímar?

SIGURÐUR: Heldurðu að ég telji mínúturnar sem hann er í burtu?

ÁSTA: Sigurður ...

SIGURÐUR: Ertu að tala við mig?

ÁSTA: Veistu hvað hefur komið fyrir hann? Sagði hann þér frá því?

SIGURÐUR: Frá hverjum andskotanum?

ÁSTA: Sagði hann þér eitthvað?

(Þögn.)

Sagði hann þér ekkert? *(Þögn.)*

Sagði hann þér ekkert!

SIGURÐUR: Sagði hann mér ekki hvern fjandann? *(Þögn.)* Áttu eitthvað að éta?

ÁSTA: Hvað gengur eiginlega að ykkur?

SIGURÐUR: Hungur.

ÁSTA: Hungur?

SIGURÐUR: Já, ég sagði það, hungur.

ÁSTA: Ég get ekki meira, Sigurður.

SIGURÐUR: Nú?

ÁSTA: Það eru takmörk fyrir öllu.

SIGURÐUR: Jæja.

(Þau standa nokkra stund þögn. Ásta byrjar að gráta, hljóðlaust; höfuðið hnígur niður á bringu.)

SIGURÐUR: *(Um síðir.)* Hvað amar að þér?

ÁSTA: Það skiptir ekki máli.

SIGURÐUR: Nú. Jæja. Þá það.

ÁSTA: *(Leggst fram á borðið, felur andlitið höndum sér.)*

SIGURÐUR: Komdu að sofa. Það er orðið framorðið.

(Dyrabjalla. Þruskað við dyr.)

SIGURÐUR: Hver djöfullinn er nú?

(Haddi og Gógó koma inn. Það vantar aðra ermina á jakka Hadda. Hann er greinilega drukinn.)

GÓGÓ: Hann var ekkert að gera. Það voru strákar sem réðust á hann og rifu ermina af jakkanum.

SIGURÐUR: *(gengur að Hadda.)* Það vantar einhverjar áriðandi skrúfur í hausinn á þér, drengur.

GÓGÓ: Hann var ekkert að gera, þeir réðust allir á hann.

SIGURÐUR: Þú hefur ekkert að gera við eina ermi. Af hverju hefurðu þetta ekki allt í stíl!

(Rífur hina ermina af jakka HADDA.)

HADDI: Þakka þér innilega fyrir allt.

SIGURÐUR: Þakka mér fyrir hvern andskotann?

HADDI: Hvað þú ert mikill uppeldisfræðingur þegar þú leggur þig fram.

(HADDI grípur í GÓGÓ og hyggst leiða hana út, en ÁSTA hindrar hann. HADDI rifur sig lausan af móður sinni.)

ÁSTA: Haddi! Haddi minn!

HADDI: Haldiði að ég sé vélmenni? Ég er að springa, ég er að rifna í tætlur! Þið gerið allt ljótt, leiðinlegt og vonlaust! Fariði frá mér!

(Þau hverfa. ÁSTA liggur á gólfinu, grátandi.)

SIGURÐUR: *(Eftir langa þögn.)* Svona, manneskja. Komdu, komdu að sofa.

ÁSTA: Til hvers höfum við verið að þessu?

SIGURÐUR: Að hverju?

ÁSTA: Spilaðu þig ekki vitlausari en þú ert.

SIGURÐUR: Það er enginn hægðarleikur með annað eins gáfnaljós og þig í húsinu.

ÁSTA: Hefurðu ekkert annað að segja?

SIGURÐUR: Segja um hvað?

ÁSTA: Þú hefur ekkert að segja?

SIGURÐUR: Skiptir einhverju máli hvað maður segir?

ÁSTA: Já, það skiptir máli!

SIGURÐUR: Nei!

ÁSTA: Kannski er ég orðin rugluð.

SIGURÐUR: Þá ættirðu að láta athuga þig.

ÁSTA: Ég held ég sé ... búin að gefa upp alla von.

SIGURÐUR: Von um hvað?

ÁSTA: Að eitthvað batni ...

(LÖNG ÞÖGN.)

SIGURÐUR: Það getur varla versnað úr þessu.

(LÖNG ÞÖGN.)

ÁSTA: Nei, það getur varla versnað úr þessu.

ENDIR.